




ORKUSTOFNUN

**Verkefnauppgjör Vatnamælinga gagnvart
Rafmagnsveitu Reykjavíkur árin 1991-1995**

**Kristinn Einarsson,
Árni Snorrason,
Helgi Gunnarsson**

Greinargerð KE-ÁSn-HG-96-05



**VERKEFNAUPPGJÖR VATNAMÆLINGA
GAGNVART RAFMAGNSVEITU REYKJAVÍKUR
árin 1991-1995**

INNGANGUR

Greinargerð þessi tengist beint fyrri greinargerð KE/ÁSn/HG-96/03, sem inniheldur verkefnauppgjör Vatnamælinga fyrir árið 1995, og greinargerð KE-95/04, þar sem gerð var nánari grein fyrir stöðu vatnamælingaverka fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sú úttekt náði til áranna 1991 til 1994, og hér á eftir er bætt við árinu 1995.

1. SKIPTING VINNUTÍMA OG KOSTNAÐAR HJÁ RAFMAGNSVEITU REYKJAVÍKUR 1995

Grunntölur samstarfssamnings OS og RR frá 1991-12-27 í fylgiskjali frá sama tíma gera ráð fyrir 53,5 útivinnustundum (á 238.268 kr.) og 302 innivinnustundum (á 643.595 kr.), alls 355,5 stundum á kr. **881.863**, allt reiknað á einingarverði ársins 1995.

Fyrirframgreiðslur Rafmagnsveitu Reykjavíkur á árinu 1995 vegna framangreinds eru engar (sjá töflu 4 í greinargerð KE-96/03). Raunverulegt vinnuframlag er 31,9 klst. í útivinnu og 773,4 klst. í innivinnu að upphæð kr. **1.790.271**. Framangreindar upphæðir eru allar án VSK.

Rétt er að líta á vinnutíma og uppgjör fyrri ára, áður en til lokauppgjörs kemur.

2. VINNUTÍMI OG HEILDARUPPGJÖR ÁRANNA 1991-1995

Í töflu 1 hér á eftir er gefið heildaryfirlit um raunverulegt, greitt og áætlað greitt (1994) vinnuframlag Vatnamælinga fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur vegna vatnshæðarmælakerfisins. Tölurnar eru sóttar í árlegt uppgjör Vatnamælinga, sem gert hefur verið frá árinu 1989. Þess má geta, að áður hafa Orkustofnun og RR gert upp endanlega sín á milli vinnu ársins 1990.

TAFLA 1. Unnar og greiddar vinnustundir fyrir RR 1991 til 1995

Ár	Útivinna, klst.				Innivinna, klst.			
	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur	Unnið	Greitt	Mismunur	Σ mismunur
1991	121.1	53.5	67.6	67.6	466	302	164	164
1992	127.6	53.5	74.1	141.7	1318.7	302	1016.7	1180.7
1993	4	53.5	-49.5	92.2	49.4	302	-252.6	928.1
1994	72.2	53.5	18.7	110.9	75.1	302	-226.9	701.2
1995	31.9	53.5	-21.6	89.3	773.4	302	471.4	1172.6

Svo sem sjá má, ættu Vatnamælingar enn inni hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem nemur 89,3 klst. í útivinnu, og 1172,6 klst. í innivinnu á árunum 1991 til 1995, þótt greitt yrði fyrir sömu vinnu 1995 og árin á undan. Til viðhalds á stöðugleika í fjárvægi, báðum aðilum til hagsbóta, er lagt til, að RR greiði eins og áður skv. áætlun samningsins fyrir 53,5 klst. í útivinnu og 302 klst. í innivinnu á árinu 1995.